

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Elliðaárdalur.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 17. ágúst 2017, breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals. Í breytingunni felst að núverandi reiðstíg er breytt í hjólastíg í ljósi þess að hesthúsabyggð hefur verið aflögð á Sprengisandi við Bústaðaveg. Reiðstígur er aflagður á svæðinu milli Sprengisands og að stíflu í Elliðaárdal við Höfðabakka. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Suðurlandsbraut 72-74.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 8. september 2017, breytingu á deiliskipulagi fyrir Suðurlandsbraut 58-76 vegna lóðarinnar nr. 72-74 við Suðurlandsbraut. Í breytingunni felst að skilgreiningu á byggingarlínu á Suðurlandsbraut er breytt úr bundinni byggingarlínu yfir í byggingarlínu fyrir ytri byggingarreit. Staðsetja skal að lágmarki 50% úthliðar byggingarinnar 1,2 m frá byggingarlínu að Suðurlandsbraut. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Bíldshöfði 12.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 14. september 2017, breytingu á deiliskipulagi Ártúnshöfða vegna lóðar nr. 12 við Bíldshöfða. Í breytingunni felst að breytt er byggingarreit fyrir flóttasvalir og stiga fyrir matshluta 03. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 19. september 2017.

Björn Axelsson.